

Nd.

178. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Gjaldskrá þá, sem um getur í 4. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, heimilast landsstjórninni, með ráði landlæknis, að hækka um 100%, eða því sem næst yfirleitt.

2. gr.

Borgun sú til hjeraðslækna fyrir læknisferðir, sem ákveðin er í 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, skal hækka um helming (100%).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda fyrst um sinn, meðan landssjóður veitir dýrtíðaruppbót á launum embættis- og sýslunarmanna sinna.